

Nr. 18-188 S 129 Eldey / Hvidabjörnen**Ásigling í höfn****Eldey**

Skipaskr.nr. 2910
 Útgerð: Elding hvalaskoðun Reykjavík ehf.
 Smíðaður: Noregur, 1971, stál
 Stærð: 0,00 brl. 298,79 bt.
 Mesta lengd: 34,11 m Skráð lengd: 29,93 m
 Breidd: 7,50 m Dýpt: 2,80 m
 Vél: Scania, 664,0 kw, 2001.
 Fjöldi skipverja: 4
 Fjöldi farþega: 116



Eldey©Hilmar Snorrason

Hvidbjörnen

MMSI: 219525000
 Fánaríki: Danmörk
 Smíðaður: Danmörk 1991, stál
 Stærð: 3500 t.
 Mesta lengd: 112 m
 Breidd: 13 m Dýpt: m
 Vél: MAN 3990 hp / 2700 kW
 Fjöldi skipverja:



Hvidbjörnen©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. október 2018 var hvalaskoðunarskipið Eldey að fara úr höfn í Reykjavík. Veður: ASA 8-10 m/sek.

Eldey lá utan á öðru skipi við Ægisgarð en um kl. 09:00 var festum sleppt. Skömmu eftir að skipið var laust lenti það með bakborðssiðu utan í danska varðskipinu Hvidabjörnen sem lá við Ægisgarð (*sjá mynd 1*).

Skipinu var snúið aftur að legunni en skemmdir urðu á báðum skipunum. Talsverðar skemmdir urðu á Eldey þar sem tveir gluggar brotnuðu og pósturinn á milli þeirra gekk aðeins inn (*sjá mynd 2*). Rekkverk á skut Hvidabjörnen bognaði (*sjá mynd 3*).

Einn farþegi um borð í Eldey skarst á glerbroti.



Mynd 1 Mynd úr öryggismyndavél sýnir atvikið



Mynd 2 Skemmdirnar á Eldey



Mynd 3 Rekkverk skemmdist á skut Hvidabjörns

Við rannsókn kom fram:

- að skömmu eftir að skipið fór frá Ægisgarði hafði skipstjórinn samband við hafnsögumann sem var að aðstoða annað skip sem var að koma inn í höfnina (*sjá mynd 1*). Skipstjórinn kvaðst hafa óskað eftir að fá að sigla framhjá en hafnarþjónustan hefði beðið hann um að bíða átekta. Hann hafði þá slegið af en þá hefði Eldey rekið undan vindi og lent utan í danska varðskipinu;
- að verið var að taka inn 135 m langt herskip sem leggja átti að bryggju við Miðbakkann. Verið var að snúa því skipi og bakka því að bryggjunni;
- að Eldey var með tveimur skiptiskrúfum, einu stýri og glussadrifinni bógskrúfu. Stjórnötökin fyrir þennan vélbúnað voru báðum megin í brúnni;
- að engar sérstakar reglur eru fyrir umferð hvalaskoðunarskipa innan hafnarinnar s.s. tilkynningar um brottför nema að þeim ber að hafa opið fyrir hlustun á VHF rás 12.

Nefndarálit:

Nefndin telur að ekki hafi átt að sleppa landfestum meðan verið var að taka svo stórt skip inn í höfnina.

Nefndin hvetur stjórnendur farþega- og hvalaskoðunarskipa að kynna sér vel umferð innan hafnarinnar og taka tillit til hennar áður en farið er af stað eða við komur til að tryggja öryggi skipsins.